


BRÝRÍÐ

6. árgangur 3. tbl.

Fréttablað Félags áhugamanna um tréskurð

Október 2001



Sýning á útskurðarverkum Siggu á Grund

Sigríður J. Kristjánsdóttir, "Sigga á Grund", félagsmaður okkar sýndi nýlega útskurðarverk sín í tré, horn og hvaltönn í Sjóminjasafni Íslands í Hafnarfirði. Þetta var fjölbreytt og heildstæð sýning verka hennar og ánægjulegt framtak og er Siggu óskað til hamingu með sýninguna.

Ef félagsmenn vita af sýningum tréskurðarfólks á næstu níu er þeir vinsamlegast beðnir að koma því á framfæri við ritstjórn, svo hægt verði að



Elsa Póra sem kennir á teikninámskeiði félagsins.

Aðalfundur FÁT 23.10.2001

Aðalfundur Félags áhugamanna um tréskurð verður haldinn í fundarsal ÍSÍ að Engjavegi 6, Rvk. (við hliðina á Laugardalshöllinni) þriðjudaginn 23. október kl. 20:00.
Dagskrá fundarins eru venjuleg aðalfundarstörf skv. 8. grein samþykkta félagsins:

1. Lesin fundargerð síðasta fundar.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Stjórn leggur fram reikninga félagsins.
4. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga.
5. Lagabreytingar.
6. Kosning stjórnar fyrir næsta starfsár.
7. Önnur mál.

Félagsmenn eru hvattir til að fjlómnenna á fundinn og taka þátt í aðalfundarstörfum, en vegna anna stjórnarmanna er hann haldinn í seinna lagi þetta árið.

Frá formanni

Þegar hausta tekur fer útskurðarfólk meira að taka til hendinni við verk sín og margin fara á námskeið til að viðhalda og bæta við færni sína og alltaf eru einhverjur nýir sem reyna fyrir sér við tréskurðinn.

Vorsýning félagsins í safnaðarheimili Háteigskirkju tókst með ágætum og var hún fjölsótt.

Stjórn félagsins hefur haldið fundi og rætt málefni félagsins og skipulagt dagskrá haustmisseris. Unnið er að breytingum og uppfærslu á heimasíðu félagsins sem hefur dregist og er ráðgert að hún verði tilbúin 15. október og er slóðin <http://www.simnet.is/samvil/treskurdur>. Nánar verður greint frá breytingunum í næsta Brýni.

Minnt er á aðalfund félagsins sem verður haldinn 23. október og eru félagsmenn hvattir til mæta og ræða starfsemi félagsins. Að lokum er minnt á, að áhugamannafélag verður aldrei virkara en einstakir

Haustferð

Félagið ætlar að standa fyrir hópferð (rútuferð) á sýningu Þjóðminjasafnsins "Skálðað í tré" sem sett var upp í samvinnu við Byggða-og náttúrusafn Árnesinga og staðið hefur yfir í Ljósafossstöð í sumar, en er ekki lengur opin almenningi.

Margrét Hallmundsdóttur, þjóðfræðinemi ætlar að vera leiðögumaður okkar um sýninguna.

Ferðin verður farin **laugardaginn 27. október**. Farið verður frá Kaffiteríu ÍSÍ við Laugardalshöll kl 12.00. Verð 1000 kr. Reiknað er með að ferðin taki um 4 tíma, en við fáum kaffi og piparkökur á staðnum.


Þátttaka tilkynnist til Bjarna í s. 5684654/6976294 í síðasta lagi 24. okt. (Verði þátttaka dræm reynum við að fara á einkabflum).

BRÝRJAD

6. árgangur 3. tbl.

Fréttablað Félags áhugamanna um tréskurð

Október 2001



Sýning á útskurðarverkum Siggu á Grund

Sigríður J. Kristjánsdóttir, "Sigga á Grund", félagsmaður okkar sýndi nýlega útskurðarverk sín í tré, horn og hvaltönn í Sjóminjasafni Íslands í Hafnarfirði. Þetta var fjölbreytt og heildstæð sýning verka hennar og ánægjulegt framtak og er Siggu óskað til hamingu með sýninguna.

Ef félagsmenn vita af sýningum tréskurðarfólks á næstu nnni er þeir vinsamlegast beðnir að koma því á framfæri við ritstjórn, svo hægt verði að



Elsa Póra sem kennir á teikninámskeiði félagsins.

Aðalfundur FÁT 23.10.2001

Aðalfundur Félags áhugamanna um tréskurð verður haldinn í fundarsal ÍSÍ að Engjavegi 6, Rvk. (við hliðina á Laugardalshöllinni) **þriðjudaginn 23. október kl. 20:00.** Dagskrá fundarins eru venjuleg aðalfundarstörf skv. 8. grein samþykkta félagsins:

1. Lesin fundargerð síðasta fundar.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Stjórn leggur fram reikninga félagsins.
4. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga.
5. Lagabreytingar.
6. Kosning stjórnar fyrir næsta starfsár.
7. Önnur mál.

Félagsmenn eru hvattir til að fjölmenna á fundinn og taka þátt í aðalfundarstörfum, en vegna anna stjórnarmanna er hann haldinn í seinna lagi þetta árið.

Frá formanni

Þegar hausta tekur fer útskurðarfólk meira að taka til hendinni við verk sín og margin fara á námskeið til að viðhalda og bæta við farni sína og alltaf eru einhverjur nýir sem reyna fyrir sér við tréskurðinn.

Vorsýning félagsins í safnaðarheimili Háteigskirkju tókst með ágætum og var hún fjölsótt.

Stjórn félagsins hefur haldið fundi og rætt málefni félagsins og skipulagt dagskrá haustmisseris. Unnið er að breytingum og uppfærslu á heimasíðu félagsins sem hefur dregist og er ráðgert að hún verði tilbúin 15. október og er slóðin <http://www.simnet.is/samvil/treskurdur>. Nánar verður greint frá breytingunum í næsta Brýni.

Minnt er á aðalfund félagsins sem verður haldinn 23. október og eru félagsmenn hvattir til mæta og ræða starfsemi félagsins. Að lokum er minnt á, að áhugamannafélag verður aldrei virkara en einstakir

Haustferð

Félagið ætlar að standa fyrir hópferð (rútuferð) á sýningu Þjóðminjasafnsins "Skálðað í tré" sem sett var upp í samvinnu við Byggða-og náttúrusafn Árnesinga og staðið hefur yfir í Ljósafossstöð í sumar, en er ekki lengur opin almenningi.

Magrét Hallmundsdóttur, þjóðfræðinemi ætlar að vera leiðsögumaður okkar um sýninguna.

Ferðin verður farin **laugardaginn 27. október.** Farið verður frá Kaffiteríu ÍSÍ við Laugardalshöll kl 12.00. Verð 1000 kr. Reiknað er með að ferðin taki um 4 tíma, en við fáum kaffi og piparkökur á staðnum.

Þátttaka tilkynnist til Bjarna í s. 5684654/6976294 í síðasta lagi 24. okt. (Verði þátttaka dræm reynum við að fara á einkabflum).

Dagskrá haustsins

Námskeið í teikningu

Fyrirhugað er að halda námskeið í teikningu í haust á vegum félagsins. Námskeiðið verður haldið í fundarsal ÍSÍ við Engjateig 6 (við hliðina á Laugardalshöllinni) á miðvikudögum í 4 skipti frá kl. 19.00 til 22.00 og hefst miðvikudaginn 7. nóvember.

Á námskeiðinu verður farið í undirstöðuatriði teikningartréskurðarmynstra og þá aðallega í akantusstíl (barrokkstíl). Byrjað verður á léttum byrjendateikningum og síðan farið út í utfærslu teikninga á eigin mynstrum eftir því sem tími leyfir. Námskeiðsgjald er kr. 5.000 og er efni innifalið, en fjöldi þáttakenda er takmarkaður. Möguleiki er á framlengingu námskeiðs.

Kennari verður Elsa Þóra Eggertsdóttir en hún hefur lokið sveinsþrófi í tréskurði frá Hjerlein vidaregaandeskole í Dovre í Noregi. Þátttaka tilkynnist til Elsu Þóru í síma 8981329 **e. kl. 13.00.**

Myndbandakvöld

Eins og getið var í síðasta tölublaði Brýnisins hefur félagið keypt 3 kennslumyndbönd, þar sem Phillip Odden og Else Bigton ásamt Hans Sandom sýna handbrögð og tækni við útskurð í akantusstíl, en þau eru á ensku. (Carving an Acanthus Breadboard, Carving an Acanthus Clock Shelf og Wood Carving Techniques). Vilhjálmur Siggeirsson hefur umsjón með þessari myndbandasýningu.

Myndbandakvöldið verður mánudaginn 19. nóvember kl. 20:00 í fundarsal ÍSÍ við hlið Íþróttahallarinnar í Laugardal og eru félagsmenn hvattir til að fjölmenna og taka með sér gesti.

Myndskurðarnámskeið í Iðnskólanum í Reykjavík

Námskeið í myndskurði (36 kst.) fyrir byrjendur og lengra komna verður í Iðnskólanum á þriðjudögum og fimmtudögum 16. okt.-27 nóv. kl. 18-20. Kennari er Örn Sigurðsson. Uppl. í Iðnskólanum s. 5226500.

Stjórn félagsins:

Vilhjálmur G. Siggeirsson, form. s.5537768 - 8639395

Bjarni Þór Kristjánsson, varaform. s.5684654 - 6976294

Halldór Vilhelmsson, gjaldkeri, s. 5656122

Guðmundur K. Guðfinnsson, ritari. s. 5668157 - 8541257

Friðgeir H. Guðmundsson, meðstj. s. 5546775 - 8616775

Í ritnefnd Brýnisins eru:

Anna Lilja Jónsdóttir, s. 5538253 - 8648253

Friðgeir H. Guðmundsson, s. 5546775 - 8616775

Sigurður Kristjánsson, s. 5534399



Verkefni af myndbandinu, þar sem Hans Sandom kennir útskurð í akantusstíl.

Brýnið

Fréttablað Félags áhugamanna um tréskurð
Birkihlíð 32,
105 Reykjavík

Heimasíða Félags áhugamanna um tréskurð
<http://www.simnet.is/samvil/treskurdur>

Sigurjón Gunnarsson
Asparfelli 12,
111 REYKJAVÍK